

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða
Suðurgötu 12
400 Ísafjörður

Sent á: skipulagsgatt@skipulagsgatt.is

Reykjavík, 27. júní 2024

Efni. Svæðisskipulag Vestfjarða

Óskað er umsagnar Landverndar um lýsingu á svæðisskipulagi Vestfjarða. Landvernd hefur kynnt sér lýsinguna á grunni þeirra mála sem helst heyra til náttúrunnar í víðum skilningi. Landvernd óskar eftir að sveitarfélögin dragi betur fram þá einstöku náttúru sem Vestfirðir hafa upp á að bjóða og horfi jafnframt á þau tækifæri sem lítt eða óröskuð náttúra hefur að geyma.

Verndarstefnu í lýsingu ábótavant

Landvernd telur það nauðsynlegt að sveitarfélögin marki skýra stefnu um náttúruvernd og þá ekki síst verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í svæðisskipulagsáætluninni. Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er til staðar og á milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni hefur með búsvæði allra lifandi lífvera að gera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru. Hnignun líffræðilegrar fjölbreytni fer því miður stöðugt og hratt versnandi á heimsvísu.

Umsvif mannsins er þar megin orsakavaldur, þar má oftast en ekki sjá mikla búsvæðahnignun sérstaklega þar sem margvíslegar grófgerðar framkvæmdir og jarðrask hverskonar á sér stað, má þar nefna virkjanaframkvæmdir af öllum toga, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar almennt. Ísland og þá ekki síst sá landshluti sem Vestfirðir eru búa enn yfir mikið af lítt snortnu landi sem sveitarfélögin á Vestfjörðum eiga einmitt einstakt tækifæri á að skapa svæðinu ómetanlega sérstöðu með innviðauppbýggingu í sátt við umhverfi og náttúru í stað inngripsmikilla framkvæmda sem átt hafa sér stað á öðrum svæðum sem ekki verða endurheimt vegna landsskemmda. Gæði náttúru og landslags á Vestfjörðum með verndarstefnu í huga ætti því að vera einn meginþáttur og undirbygging svæðisskipulagsins. Slík stefna myndi tryggja Vestfjörðum og samfélögunum þar algjöra sérstöðu lífsgæði íbúa í sátt við umhverfið. Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun á náttúruperlum svæðisins og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan.

Loftslagsmál og endurheimt landgæða

Landvernd telur mikilvægt að í svæðisskipulagi verði kortlögð svæði innan sveitarfélaga sem eru til þess fallin að vernda og endurheimta raskað land. Endurheimt votlendi votlendis er skjótvirkasta aðferðin til að koma í veg fyrir losun frá landi og því ættu öll sveitarfélög að hafa það sem sjálfstætt markmið að endurheimta svæði sem t.d. eru ekki lengur nýtt til búskapar. Landvernd vill því brýna sveitarfélögin í þessari svæðisskipulagsvinnu að setja fram metnaðarfulla og aðgerðarmiðaða stefnu um náttúruvernd og endurheimt landgæða í þágu loftslagsmála fyrir náttúruna sjálfa og lífsgæði komandi kynslóða. Landvernd telur því mjög mikilvægt að kortleggja

Þau tækifæri sem svæðið hefur upp á að bjóða hvað varðar endurheimt náttúruverðmæta sem stuðlar að náttúruvernd og líffræðilegum fjölbreytileika.

Náttúruvernd í skipulagi

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir að markmið hennar sé að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Landvernd bendir á að innan svæðisins eru friðlýst svæði, svæði á náttúruminjaskrá, svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, hverfisverndar, mikilvæg fuglasvæði og vistgerðir sem hafa hátt verndargildi og njóta verndar samkvæmt alþjóðasamningum.

Landvernd hvetur sveitarfélögin til að stefna að því að útvíkka enn frekar verndar- og friðlýst svæði og sjá tækifærin sem í því eru fólgin í þágu náttúrunnar sjálfrar og íbúa svæðisins.

Mikilvægt er að verndarsvæðin hafi gott rými svo þau njóti sín og því þarf að takmarka alla ágenga uppbyggingu í návist þeirra.

Landnotkun og vistkerfi

Þar sem landnotkunarreitir í skipulagsáætluninni eiga við vistkerfi og/eða jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta rask á vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar. Fjallað er um svæði sem njóta sérstakrar verndar í 6.3. gr. og 7.4.2. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 þar sem fjallað er um takmarkanir á landnotkun. Landvernd minnir á að nauðsynlegt er að fjallað sé um þau vistkerfi og jarðminjar sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd í greinargerð og að þau séu kortlögð. Landvernd vill minna á að náttúrulegir birkiskógar njóta sérstakrar verndar og skal því tryggja í stefnu svæðisskipulagsins að það skuli hlúð að þeim og ágengum tegundum haldið fjarri svo birkiskógum hnigni ekki meir en orðið er vegna framandi skógarplantna og annarra ágengra tegunda.

Landslag og víðerni.

Landvernd minnir á að samkvæmt 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum. Landvernd minnir á að búast megi við að settar verði að auki sérstakar víðernisskilgreiningar vegna vindorkumannvirkja þar sem fjarlægðarmörk verða mun meiri en meginreglan segir til um vegna gríðarlegrar hæðar og ásýndarmengunar vegna vindorkuvera.

Landvernd telur því mjög mikilvægt að það komi fram með skýrum hætti í tillöggunni hvernig svæðisskipulagsnefnd hyggst nálgast viðmið í skipulaginu um óbyggð víðerni og fjarlægðarmörk.

Vatnamál - vatnsvernd og fossar Landvernd minnir á að innan sveitarfélagsins eru votlendi, tjarnir og fossar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Landvernd vill vinsamlega beina þessum staðreyndum sérstaklega til þeirra sveitarfélaga sem vinna að þessu svæðiskipulagi ekki síst í ljósi vatnsaflsvirkjana sem hafa verið í umræðunni innan þessa svæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkibæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Landvernd leggur því mjög ríka áherslu á að við svæðisskipulagsgerðina verði sett fram stefna á grunni þessa og markmið um verndun svæða í samræmi við ákvæði laganna.

Landvernd vill benda á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011, þungamiðjan í þeim lögum er sú krafa að öll vatnshlot skuli vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Mikilvægt er að fjallað verði sérstaklega um hvaða vatnshlot eru innan svæðisskipulagsins og setja um leið fram stefnu um vernd þeirra sem þar á við. Meta þarf áhrif skipulagsins á aðliggjandi vatnshlot. Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 535/2011. Starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau.

Að lokum

Landvernd hvetur þau sveitarfélög sem standa að svæðiskipulagi þessu að horfa á tækifærin sem falin eru í náttúru- og umhverfisvernd og nýti sér þau einstöku tækifæri sem að Vestfirðir hafa upp á að bjóða í þeim efnum náttúru, umhverfi, samfélagi og gestum til upplifunar og aukinna lífsgæða.

Með vinsemd og virðingu

Þorgarður María Þorbjarnardóttir, formaður Landverndar